

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	6. nóv. 2023	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG), Helga Þórisdóttir (HP), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Ingileif Oddsdóttir (IO), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi:	Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF)			
Gestir:	Jóhanna Sigurjónsdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingar í innanríkisráðuneyti			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 6. nóvember 2023

### 1. Fundargerð stjórnarfundar 2. október 2023

Fundargerð stjórnarfundar 2. október síðastliðinn var samþykkt.

### 2. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3006/2022

Umræður um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember sl. Með dóminum var viðurkenndur réttur forstöðumanna til rökstuðnings fjármálaráðherra fyrir ákvörðun um starfskjör og til aðgangs að skriflegum gögnum er ákvörðunina varða. Dómurinn er með því í samræmi við sjónarmið í áliti setts umboðsmanns Alþingis í málum nr. 10343/2019 og 10475/2020. Niðurstaða dómsins er til þess fallin að eyða óvissu um eðli launaákvæðana forstöðumanna. Fjármálaráðherra hefur nú fjórar vikur til þess að ákveða hvort dóminum verði áfryjað eða ekki.

### 3. Samanburður/úttekt á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi, Noregi, Danmörku og Svíþjóð

Framhald á umræðu frá fyrri stjórnarfundum. Rætt um afmörkun efnisins og hver væri best til þess fallinn að taka verkið að sér. HP greindi jafnframt frá fundi í forsætisráðuneytinu með starfshópi sem ætlað er að greina þróun embættismannakerfisins hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Skemmst er frá því að segja að í vinnu hópsins var ekki ráðgert að skoða forstöðumenn sérstaklega, en eftir fundinn kann að verða breyting á því.

#### 4. Óstaðbundin störf

Hólmfríður Sveinsdóttir og Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingar í innviðaráðuneyti, komu á fundinn og kynntu verkefni framkvæmdahóps á vegum ríkisstjórnarinnar um óstaðbundin störf. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið sú að fjölga óstaðbundnum störfum þannig að búseta hafi ekki áhrif á val á starfsfólki. Þannig verði öll störf verði í grunninn óstaðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega. Í undirbúningi er könnun meðal stofnana og ráðuneyta um fjölda staðbundinna starfa og einnig þarf að útbúa leiðbeiningar fyrir stjórnendur um framkvæmdina. Forstöðumenn eru mikilvægur samstarfsaðili og óskað eftir aðkomu og sjónarmiðum félagsins.

Fjörugar umræður spunnust um efnið, meðal annars um gagnaöryggi, fjármögnun, nýliðapjálfun og hvernig þessum málum sé háttað á Norðurlöndunum. Stefnt er að því að halda fund með félagsmönnum FFR á nýju ári til þess að kynna verkefnið.